

Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 hvetur iðnaðarráðherra að beina því til starfshóps ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, að hraða störfum og setja sér markmið um að skila niðurstöðu á fyrri hluta árs 2022.

Alþingi samþykkti árið 2018 að Vestfirðir verði í forgangi varðandi raforkumálum samkvæmt þingsályktun um afhendingaröryggi raforku. Eins eru sett að markmiði að flutningskerfi raforku verði hringtengt í hverjum landshluta fyrir lok árs 2030 og öll byggðarlög fyrir lok árs 2040. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í febrúar 2021 ný stefnuskjöl stjórnvalda um orkumál á Íslandi. Þar eru sett fram markmið sem eiga að stuðlað jöfnun samkeppnisstöðu landshluta um aðgengi og afhendingaröryggi raforku.

Uppbygging atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum hefur gengið hratt fyrir sig á undanförunum árum auk þess sem ný markmið hafa verið sett um að hraða orkuskiptum. Markmið stjórnvalda í orkustefnu styðja við þessa þróun en ekki hafa verið settar fram tímasett verkefni til að ná því markmiði á Vestfjörðum. Að óbreyttu mun þessi staða nær stöðva framþróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Ítarlegar greiningar um afhendingaröryggi raforku og stöðu orkumála samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum er að finna í skýrslum starfshópa iðnaðarráðherra allt frá árinu 2011. Eins liggja fyrir greiningar og drög að tillögum til úrlausnar um hið sama, í skýrslum Landsnets og í Kerfisáætlunum Landsnets á síðustu árum, auk umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila um þær áætlanir. Um er að ræða tillögur um tvöföldun Vesturlínu og stuðla eigi að uppbyggingu nýrra vatnsaflsvirkjana. Fjórðungsþing Vestfirðinga skora því á iðnaðarráðherra að nýr starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, nýti þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og skili tillögu um tímasett verkefni á fyrri hluta árs 2022.

Fjórðungsþing fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfjörðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu.

Fyrir liggur skýrsla verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða frá því í mars 2021. Skýrslan gerir m.a. ráð fyrir vindorkugarði í Garpsdal í nýtingarflokk, en undirbúningur er langt kominn. Skipulagsstofnun hefur ekki samþykkt skipulagstillögur um vindorkugarða vegna skorts á lagaheimildum um vindorku að mati stofnunar.

Mikilvægt er að finna vindorku framtíðar farveg innan verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun). Eða leita annarra lausna er nýtingu vindorku til að leysa úr þeirri pattstöðu sem rammaáætlun er í.